

Stjórnarfundur AKÍS - fundargerð

Staður og tími: Zoom - 6. september 2022 kl. 18:00

Mættir aðalmenn: Aðalsteinn Símonarson (AS), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Halldór Jóhannsson (HJ), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Baldvin Hansson (BH) og Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR).

Mættir varamenn: Sigurjón Andersen (SA)

Fundinn sat einnig Bergur Þorri Benjamínsson framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Sigfús B Sverrisson (SBS) varamaður.

AS ritaði fundargerð.

1. Formannafundur

Formannafundur verður 5. nóvember og stjórn þarf að setja niður dagskrá þess fundar ef áhugi er fyrir að taka upp önnur mál en þau lögboðnu. Fundarstaður er félagsheimili KK. Fyrri fundarboð þarf að fara út í byrjun október og þá þurfa að liggja fyrir tilnefningar keppnisráða á akstursíþróttafólki ársins.

2. Sandspyrnukeppni

3. umferð íslandsmótsins í sandspyrnu hefur verið færð frá 3. september í Hafnarfirði til 10. september á Akureyri samkvæmt ákvörðun KK í samráði við BA.

3. Vinnufundur

Setja þarf niður dagsetningu og dagská fyrir vinnufund vegna reglubreytinga o.fl. fyrir næsta keppnistímabil, sem síðan yrði lagt fram til kynningar á formannafundi. Ákveðið að halda fundinn 27. september kl. 18 á skrifstofu AKÍS.

4. Keppniráðin

Virkja þarf keppnisráðin betur í þeirra starfi og fá þau með stjórn til að leggja fram tillögur um hvað megi betur fara á næsta keppnistímabili. HKS leggur til að stjórnin haldi fund með keppnisráðunum og fari yfir málin.

Vel tekið í tillöguna og ákveðið að framkvæmdastjóri taki saman lista yfir fundarefni og hann ásamt HKS finni heppilegan fundartíma.

5. NOS gas

Samkvæmt svari Lyfjastofnunar við fyrirspurn sambansins þá eru engar reglur í gildi sem koma í veg fyrir að NOS til iðnaðarnota sé framleitt héraðs eða flutt til landsins. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.

6. Úttektir á brautum og keppnissvæðum

Málið rætt vítt og breytt. Ákveðið að taka málið aftur fyrir á næsta fundi stjórnar.

7. Valnefnd

Miðað við gildandi reglugerð þarf stjórn að tilnefna í valnefnd varðandi kjör á Akstursíþróttafólki ársins. Ákveðið að fela formanni að ræða við tiltekna aðila um setu í nefndinni.

8. Lokahóf

Framkvæmdastjóri og formaður hafa unnið að undirbúningi lokahófs sem haldið verður á Hótel Natura þann 5. nóvember. Ákveðið að drög að dagskrá og kostnaðaráætlun verði lagðar fram til umræðu á næsta fundi stjórnar.

9. Önnur mál

- a. **Tilnefning til FIA Immersion** - Tvær tilnefningar bárust frá aðildarfélögum, Kolbrún Vignisdóttir og Jökull Ýmir Guðmundsson. Þar sem AKÍS getur einungis tilnefnt einn aðila var varpað hlutkesti milli þeirra og nafn Kolbrúnar kom upp. Hefur því verið send tilnefning til FIA að hún taki þátt í verkefninu.
- b. **Staða Rafmagnsbíla í keppni** - Bréf hefur borist frá FIA þar sem farið var yfir þær reglur sem FIA setur og þær reglur sem hvert og eitt aðildarland getur sett sér. Umræðu frestað til næsta fundar.
- c. **Staða kynja innan sérsambanda ÍSÍ** - Lagt fram bréf frá ÍBR í varðandi stöðu kynja innan sérsambanda.

Næsti fundur 20. september verður raunfundur að Engjavegi 6.

Fundi slitið kl. 20.02